


# Textíll 3. bekkur 2024-2025

Textílverkefnin eru skipulögð með það í huga að nemendur læri og þjálfist í margvíslegri færni sem bæði tengist aðferðum greinarinnar og sköpunar þættinum.

**Kennsluaðferðir**
Kennt er í tveim samliggjandi kennslustundum á viku og kemur hver hópur 1/ 3 af vetrinum eða í um 12 skipti. Verkefni eru ýmist kynnt og útskýrð fyrir öllum hópnum í einu eða honum skipt upp. Síðan fer fram einstaklingsaðstoð svo allir nái sem bestum tökum á þeim aðferðum sem verið er að kenna. Helstu markmið eru að nemandi:

- upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin verks
- þjálfi fínhreyfingar ásamt samhæfingu huga og handa
- þjálfist í að klippa efni og sauma saman tvö stykki
- læri að þræða nál, sauma þræðispor og ganga frá enda
- læri að hnýta eða búa til snúru
- þekki vinnsluferli og helstu eiginleika íslensku ullarinnar, kembi, spinni og þæfi ull
- saumi beina línu í saumavél og saumi saman tvöfalt efni í saumavél
- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar

**Námsefni og gögn**
Efni og áhöld frá kennara.

**Námsmat**
Frammistaða nemenda er metin jafnt og þétt meðan á kennslutímabili stendur. Notaður er matslisti þar sem merkt er við þættina: virkni, verkfærni og umgengni. Einnig er merkt inn á hæfnikort nemenda í Mentor.

**Kennari** Sigríður Rafnsdóttir